

## Undanþága frá tilboðsskyldu í Icelandair Group hf.

Fjármálaeftirlitið hefur verið með til athugunar skipan mála í eignarhaldi Icelandair Group hf., með hliðsjón af yfirtökureglum laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl.). Athuginin leiddi í ljós að Íslandsbanki hf. hefði *óbein yfírráð* í Icelandair Group hf. í skilningi 100. gr. vvl., vegna stöðu sinnar sem lánardrottinn stórra hluthafa félagsins, sem ekki standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lánasamningum. Var það mat Fjármálaeftirlitsins að Íslandsbanki hf. gæti í raun aflað yfir 30% atkvæðisréttar í Icelandair Group hf., eingöngu að eigin ákvörðun, með fullnustugerðum. Er það afstaða Fjármálaeftirlitsins að atkvæðisréttur umræddra skuldara skuli því lagður saman við þann atkvæðisrétt sem bankinn hefur vegna eigin hluta, þrátt fyrir að fullnustugerðir og formleg eignatilfærsla hefði ekki farið fram, og að Íslandsbanka bæri skylda til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð.

Fjármálaeftirlitið hefur **ákveðið að Íslandsbanka hf. skuli veitt skilyrt undanþága frá tilboðsskyldu** skv. 5. mgr. 100. gr. vvl. til að fara með yfírráð yfir allt að 50% hlutafjár í Icelandair Group hf., vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem bankinn er í sem kröfuhafi gagnvart stórum hluthöfum félagsins. Að mati Fjármálaeftirlitsins uppfyllir bankinn þau skilyrði sem gera verður til að veðhafa sé veitt slík undanþága, en þau eru:

- Aðstæður þegar trygging var lögð fram gefa ekki til kynna að veðhafa hafi mátt vera ljóst að líklega myndi koma til veðkalls.
- Veðkall er nauðsynlegt af ástæðum er varða veðsala.
- Veðkall er gert með endursölu í huga. Fjármálaeftirlitið setur lánveitanda tímafrest fyrir endursölu.

Undanþágan er veitt með eftirtöldum skilyrðum:

### *1. Frestur til endursölu*

Í ljósi markaðsaðstæðna og þeirrar fjárhagslegu endurskipulagningar sem nú fer fram hjá Icelandair Group hf. hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að veita Íslandsbanka hf. rúman frest til endursölu, til að draga úr hættunni á því að rekstur Icelandair Group hf. raskist vegna þessa. Íslandsbanka hf. ber að selja svo stóran hlut af eign sinni í Icelandair Group hf. að bankinn fari ekki lengur, beint né óbeint, með yfírráð í félaginu skv. 100. gr. vvl., eins fljótt og unnt er og innan **tólf mánaða**. Fjármálaeftirlitið getur framlengt þennan frest um sex mánuði, ef sérstakar ástæður mæla með því.

### *2. Takmörkun á nýtingu atkvæðisréttar*

Íslandsbanka skal einungis vera heimilt að nýta **allt að 30% virkra atkvæða** í félaginu. Með virkum atkvæðum er átt við heildarfjölda atkvæða að frádregnum þeim atkvæðisrétti sem fellur niður vegna þessa.

Skýringardæmi: Ef bankinn fer með yferráð yfir 45% atkvæðisréttar í Icelandair Group hf. skal honum einungis heimilt að nýta allt að 23,5% atkvæðisréttar ( $23,5/78,5=29,99$ ).

### *3. Skilyrði um upplýsingagjöf*

Fjármálaeftirlitið fer fram á að Íslandsbanki hf., í samvinnu við Icelandair Group hf., upplýsi Fjármálaeftirlitið reglulega um gang hinnar fjárhagslegu endurskipulagningar.

Þá fer Fjármálaeftirlitið fram á að áætlun um endursölu sé kynnt því með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Veðköll bankans gagnvart þeim skuldunautum sem nú eru í vanskilum eða uppfylla ekki skilyrði fyrirliggjandi lánasamninga hafa ekki áhrif á niðurstöðu þessa. Undanþágan nær ekki til þess/þeirra sem síðar kaupa hlut af Íslandsbanka hf.

Ofangreind ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 13. maí sl. er birt í samræmi við 9. gr. a. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998, eins og þeim var breytt með lögum nr. 20/2009.